

Beiðni um úrskurð vinnumatsnefndar vegna vinnumats framhaldsskólakennara

Ábyrgðaraðili / ábyrgðaraðilar erindis:	Dagsetning tilvísunar
<input type="checkbox"/> Skólameistari	17.11.2015
<input checked="" type="checkbox"/> Kennari / Kennarar	
Nafn skóla	Símanúmer skóla
Verkmenntaskólinn á Akureyri	464 0300
Skólameistari	Netfang
Hjalti Jón Sveinsson	hjalti@vma.is
Kennari / Kennarar	Netfang

Áfangaheiti og áfangalýsing (vefslóð)

Á við alla áfanga á starfsbraut Verkmenntaskólans á Akureyri

Ágreiningsefni

1. Skortur á námsefni
2. Ekki tekið tillit til fötlunar nemenda
3. Skerðing vegna endurtekinnna áfanga

Sent á formann vinnumatsnefndar

- Starfsnám 1: Helga Jóhanna Baldursdóttir helgajo@idnskolinn.is
- Starfsnám 2 og listgreinar: Gréta Mjöll Bjarnadóttir greta@fa.is
- Félagsgreinar / Íþróttir / Starfsbrautir: Lára Stefánsdóttir lara@mtr.is
- Tungumál / Íslenska: Halldóra Sigurðardóttir hals@mh.is
- Raungreinar / Stærðfræði: Lárus H. Bjarnason larushb@mh.is

Fylgigögn

- Vinnumat kennara
- Vinnumat skólameistara
- Önnur gögn:

Vinnumatsnefndir áskilja sér rétt til að kanna sjónarmið um vinnumat áfangans hjá aðilum málsins og kalla eftir frekari gögnum.

Verkefnisstjórn um vinnumat framhaldsskólakennara, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík.
Sími 545-8800. Netfang: gudmundur@verkefnisstjorn.is

Fylgiskjal vegna ágreiningsefna

1. Skortur á námsefni

Kennari á starfsbraut gengur ekki að tilbúnu kennsluefni fyrir áfangana sem hann kennir á brautinni. Hann þarf því að útbúa allt kennsluefnið sem hann hyggst nota og ekki bara fyrir áfangann sjálfan heldur líka fyrir einstaka nemendur. Við gerð verkefna og prófa þarf að taka tillit stöðu hvers nemenda fyrir sig og jafnvel að útbúa sérverkefni og próf fyrir hvern og einn nemenda sem í áfanganum er.

Auk þess ber að geta að starfsbrautir starfa eftir sérstakri reglugerð sem leggur ríkar skyldur og vinnu á kennara starfsbrauta m.a. um aðlagað námsefni fyrir nemendur.

2. Ekki tekið tillit til fötlunar nemenda

Nemendur við starfsbraut Verkmenntaskólans á Akureyri eru mjög misjafnir hvað varðar getu til náms og daglegs lífs. Við erum með nemendur sem þurfa afar mikinn stuðning í námi og þurfa þar af leiðandi mjög einstaklingsmiðaða kennslu (starfsbraut 3). Svo erum við með nemendur sem þurfa minni aðstoð og geta þess vegna verið í stærri hópum (starfsbraut 1 og 2). Okkur finnst að taka þurfi tillit til þess í vinnumati hvernig nemendahópar eru samsettir. Þar sem hópar eru litlir vegna þess hversu mikla aðstoð þau þurfa er ósannjarnt og í raun varasamt að kennarar komi ver útúr vinnumati en þau sem kenna stærri hópum þar sem nemendahópurinn er ekki með eins miklar fatlanir og sérþarfir.

Þetta fyrirkomulag getur orðið til þess að kennarar vilji síður kenna nemendum á starfsbraut 3 og þar af leiðandi skert jafnrétti til náms ef ekki er lengur eftirsóknarvert að sinna mikið fötluðum einstaklingum.

3. Skerðing vegna endurtekinna áfanga

Á starfsbraut eru áfangar með sömu áfangaheiti ekki kenndir eins og þar af leiðandi eiga þeir ekki að fá neina skerðingu. Þó að kennari kenni tveimur mismunandi hópum áfanga með sama heiti er aldrei hægt að nota sama námsefni í þeim báðum þar sem nemendahóparnir eru það frábrugðnir hvor öðrum.

Sjá fylgiskjöl: reglugerð um nemendur með sérþarfir í framhaldsskólum og flokkun sérþarfa í kennslu og ADL

Úrskurður vinnumatsnefndar vegna vinnumats framhaldsskólakennara

Vinnumatsnefnd Vinnumatsnefnd 3	Málsnúmer
Nafn skóla Verkmenntaskólinn á Akureyri	Áfangageiti
Dagsetning sem málið barst 25. nóvember 2015	Dagsetning úrskurðar 30. nóvember 2015
Niðurstaða vinnumatsnefndar	
<p>Engir vinnumatsútreikningar fylgja kærinni sem hægt er að taka afstöðu til. Þau þrjú atriði sem nefnd eru:</p> <ol style="list-style-type: none">1. Skortur á námsefni2. Ekki tekið tillit til fötlunar nemenda3. Skerðing vegna endurtekinna áfanga <p>eru allt atriði sem tekist var á um og útkljáð annars vegar í kjarasamningum og hinsvegar í verkefnisstjórn um vinnumat. Við uppsetningu á sýnidæmum var tekið tillit til þess að kennsla á starfsbraut er einstaklingsmiðuð. Niðurstaða verkefnisstjórnar var sú að kennsla á starfsbraut rúmast innan sýnidæma. Verður ekki tekist á um það atriði aftur fyrr en í næstu kjarasamningum.</p> <p>Fulltrúar KÍ vilja þó benda á að meta þurfi sérstaklega hverju sinni hvort ákvæði um skerðingu vegna endurtekinna áfanga eigi við um kennslu áfanga á starfsbraut, vegna þess hve einstaklingsmiðuð kennsla þar er.</p> <p>Kennarar eru hvattir til að fara yfir vinnumat sitt og einhver þeirra ósáttur við útreikning á áfanga sínum að skjóta þá þeim ágreining til vinnumatsnefndar.</p> <p>Er þessari kæru því vísað frá þar sem hún á efnislega ekki heima í vinnumatsnefnd.</p>	
Framvinda máls: <input checked="" type="checkbox"/> Mál afgreitt <input type="checkbox"/> Máli vísað til úrskurðarnefndar	
	